## Skólaráð Smáraskóla

**Fundur skólaráðs (aukafundur) haldinn í skólanum þriðjudaginn 3. mars kl. 08:10-09:00.**

*Mætt: Börkur Vígþórsson skólastjóri stýrði fundi, Kristín Sigurðardóttir aðstoðarskólastjóri og áheyrnarfulltrúi ritaði fundargerð, Valtýr Bergmann fulltrúi foreldra, Davíð Smári Jóhannsson, fulltrúi foreldra, Sigrún Snædal Logadóttir fulltrúi kennara, Hrefna Björg Óskarsdóttir, fulltrúi kennara, Berglind Brynjarsdóttir, fulltrúi starfsmanna, Katla Kristinsdóttir fulltrúi nemenda (10.b), Eysteinn Pétur Lárusson, fulltrúi grenndarsamfélags.*

Efni fundar:

1. Skólaþing.
2. Skóladagatal 2020-2021.
3. Erindi frá foreldrum í 2. bekk.
4. Önnur mál.

- - - - - - - - - - - - - - -

1. Skólaþing: Skólaþing í sl. viku var mjög vel heppnað og mikil ánægja með það, en það var samráðsvettvangur starfsmanna, nemenda og foreldra. Árgangaþing í öllum árgöngum voru undanfari skólaþingsins þannig að allir nemendur tóku þátt. Niðurstöður fara í úrbótafarveg, m.a. tengt umbótaáætlun í kjölfar ytra mats. Skólaráði finnst koma til greina að halda svona þing árlega sem árlegan opinn fund skólaráðs. Breiðabliki færðar sérstakar þakkir fyrir lánið á fundaraðstöðu fyrir þingið.
2. Skóladagatal 2020-2021: Kópavogsbær setur á dagatalið 3 skipulagsdaga kennara sem eru sameiginlegir í öllum grunnskólum bæjarins. Skólum innan sama hverfis, í okkar tilfelli Smáraskóla, Lindaskóli og Salaskóli, ber síðan að sameinast um hina 2 skipulagsdagana. Dagar til sveigjanlegs skólastarfs eru nokkuð frjálsir innan skólanna, fyrir utan skólasetningardag sem er sá sami í öllum grunnskólum. Að öðru leyti eru þessir dagar notaðir sem dagar til foreldrasamtala, í fjölgreindarleika, jólaskemmtanir, öskudag, þemadaga, vorhátíð og skólaslit.
   Eysteinn bendir á að haustið 2020, 23.-25.sept, er Sjávarútvegssýningin sem hefur haft áhrif á skólastarfið og svæðið hér í kring í heild sinni. Skólinn mun ekki verða tæmdur í heild sinni þar sem samræmd próf verða þessa daga í 7. bekk.
   Athugasemd um það að bærinn sé að binda skipulagsdaga innan skólaársins eins og reyndin er.
   Dagatalið samþykkt.
3. Erindi frá foreldrum í 2. bekk: Óskað eftir umfjöllun skólaráðs um hlutverk skólans þegar upp koma lúsasmit hjá nemendum, að skólinn setji sér verklagsreglur um viðbrögð við lúsasmiti og að fræðsla sé til foreldra um viðbrögð.
   Samkvæmt núverandi vinnureglu fer póstur frá skólanum til þess árgangs sem tilkynnt smit til skólans eru í. Umræða fundar um að hægt sé að fræða nemendur og foreldra um praktíska hluti, t.d. að lána ekki hárburstann sinn, skiptast ekki á húfum, vera með hárið í fléttu, vera með buff. Almennt er skilningur á því að endurtekin lúsasmit valdi foreldrum álagi, ekki síst fjárhagslegu. Almennt ekki talið að það skili árangri að láta foreldra kvitta fyrir að hafa sýnt rétt viðbrögð við meðhöndlun barna sinna, enda sé skólanum ekki stætt á því að meina börnum aðgang að skólanum skili þau ekki inn kvittun frá foreldrum. Niðurstaða

fundar sú, að ef um þrálátar lúsatilkynningar er að ræða þá sendi skólinn frekari áminningar/leiðbeiningar en nú er gert í samráði við skólaheilsugæslu. Almennt verði viðbrögð skólans svipuð og þau hafa verið, með aukinni fræðslu og útvíkkun á tölvupóstum á aldursstig.

4. Önnur mál:
   Viðbrögð skólans vegna COVID-19 hafa verið til samræmis við leiðbeiningar almannavarna og sóttvarnarlæknis. Hengdar hafa verið upp myndrænar upplýsingar um handþvott, snertifletir sótthreinsaðir daglega, handspritt í öllum kennslustofum og í matsal. Nokkrar fyrirspurnir hafa verið til skólans um fyrirkomulag á sóttkví, þeim fyrirspurnum er beint til yfirvalda og þeirra almennu leiðbeiningar sem almenningur er að fá.
   Möguleg verkföll í næstu viku geta haft áhrif á störf sem skólaliðar og frístundaleiðbeinendur sinna.
   Umferðarmál við skólann og svæðið í heild sinni, ákveðið að foreldrafélagið, skólastjóri og Breiðablik fari sameiginlega fyir þau umferðaröryggismál sem þeir vilja senda ályktun um til bæjarins.
   Katla er fulltrúi Smáraskóla í ungmennaráði og mun á næstunni taka þátt í Ungmennaþingi Kóopavogs, hún verður umræðustjóri í flokknum „skólamál“. Katla mun kynna þetta í unglingadeild Smáraskóla.